






[illegible]


- Megintilgangur verkefnisins er að hanna heildarlaun fyrir miðlun og verndun fornminja í Þjórsárdal sem er aðgengileg fyrir almenning en gerir fræðimönnum um leið kleift að vinna að frekari rannsóknum á svæðinu.

- að yfirbyggingin verndi fornminjarnar fyrir veðri, gjósku og vatni
- að aðstaðan geri fornleifatræðingum kleift að vinna á svæðinu
- að auðvelda aðgengi að Stangarbænum fyrir alla
- að hanna aðstöðu sem þolir mikla umferð ferðamanna
- að viðhald og viðhaldskostnaður sé í lágmarki
- að efnið í framkvæmdina sé innlent og vistvænt
- að útlit byggingarinnar skaði ekki ásynd staðarins
- að lausnin sé einföld og að aðgengi sé skýrt þannig að auðvelt sé fyrir gesti að ganga um svæðið og njóta sögulegra minja og náttúrunnar, án leiðsagnar



- að svæðið verði eitt af mikilvægustu ferðamannasvæðum Íslands og muni draga fleiri ferðamenn að svæðinu
- að tillöguna megi yfirfæra yfir á önnur sambærileg fornléifasvæði
- að heimsókn á svæðið auki áhuga gesta á fornminjum og náttúru Íslands
- að aukinn áhugi fólks á fornminjum verði mönnum hvatning til að huga enn frekar að fornléifarannsóknum og ferðaþjónustu tengdri fornminjum
- að tillagan auðveldi fræðimönnum að rannsaka svæðið enn frekar
- að svæðið tengi saman náttúru og sögu




Grunnmynd 1:200




Yfirbyggingin lagskipt



Yfirbygging/útsýnispallur aðla-
gast að jarðvegi og veitir gott
útsýni.



Pallurinn afmarkar svæðið,
leiðir gesti um það og verndar
formminjar.



Gönguleiðir um svæðið.

Yfirbyggðar fornminjar Stangarbæjarins




-Meginhugmyndin er sú að koma fram með einfalda lausn sem gerir heimsókn á svæðið sem þægilegasta fyrir alla; gesti sem fræðimenn. Sýningars-
væðið afmarkast af einum samfelldum timburlalli sem er í senn göngustígur og útsýnispallur um allt svæðið. Einnig er sérstaklega hugað að aðstöðu fyrir
fræðimenn sem í framtíðinni kunna að vinna að frekari uppgrefti á svæðinu.

-Eitt af markmiðum þessarar tillögu er að auðvelda aðgengi allra að Stangarbænum og gera heimsóknina sem einfaldasta. Hér er lagt til að bí-
lastæðið verði fært til austurs að vaðinu og ný brú smíðuð þar sem sú gamla hamlar aðgengi fatlaðs fólks og eldra fólks að Stangarbænum. Með því að
færa bílastæðið og gönguleiðina styttest vegalengdin að Stangarbænum um 100 metra. Stærð bílastæðisins má breyta eftir því sem þörf krefur. Göñ-
guleiðin frá bílastæðinu og að fornminjunum og útsýnissvæðinu verður á einum samfelldum timburlalli sem liggur svo um allt svæðið. Pallurinn þjónar
fjölþættum tilgangi; hann leiðir gesti um svæðið og gerir þeim kleift að njóta minja og náttúru. Þá afmarkar hann sýningarsvæðið og verndar minjar fyrir
átroðningi. Nestisaðstaða verður miðja vega milli bílastæðisins og Stangarbæjarins og því í hæfilegri fjarlægð frá bílaumferð og truflar ekki þá gesti sem
eru að skoða minjarnar. Gestisaðstöðuna má færa til, stækka eða minnka eftir þörfum. Salernisaðstaða verður hjá bílastæðinu í seilingarfjarlægð frá nesti-
saðstöðu. Einnig verður vinnuaðstaða fyrir fræðimenn við bílastæðið.


-Við hönnun pallsins og yfirbyggingarinnar var þess vandlega gætt að hönnunin féli sem best að ásynd staðarins og umhverfi enda
afar mikilvægt að nálgast viðfangsefni sem þetta af virðingu við staðhætti. Lögum byggingarinnar, brúarinnar og pallsins taka mið af og fylgja línun í lands-
laginu. Þannig tekur byggingin mið hæðarlínunnar í norðri og göngupallurinn verður straumlínulagaður og fylgir hækkanum og lækkanum í undirlaginu.
ól framkvæmdina er notað tré og steinn. Efnisvalið býður upp á þann möguleika að það megi nálgast innanlands eða í næsta nágrenni. Timbur hefur ein-
nig þann kost að það veldur ekki skemmdum í jarðvegi. Þannig mun pallurinn sitja á jarðföstum tréstölpum án sökkla eða steyprar undirstöðu. Hér er því
um vistvæna framkvæmd að ræða sem á ekki að stinga í stúf við náttúruna.

-Yfirbyggingin sjálf verður að hluta til úr timbri og hluti af pallinum. Útveggirnir eru úr steini, prýddir litlum ferhyrntum gluggum sem hleypa ljóstyru inn
í húsið án þess að of bjart verði þar innandyra. Staðurinn á því að skapa notalegt andrúmsloft og gera gestum betur kleift að setja í sig í spor íbúa Á Stöng
fyrir hart nær 1000 árum án þess að um endurbyggingu sé að ræða. Stórir gluggar eru þó á útvegg burs og kamars.

-Með því að hafa göngusvæðið á einum samfelldum palli geta gestir komist í mjög mikla nálægð við fornminjarnar, gengið í kringum þær og skoðað,
án þess að hætta sé á að fornminjunum verði spilt. Þá gefst gestum tækifæri á að ganga upp á yfirbygginguna og virða betur fyrir sér náttúrufergudina í
nágrenninu.



Einföld byggingartækni býður
upp á að hægt verður að
stækka eða minnka pallinn í
framtíðinni.




Sveigjanleiki í hönnun nesti-
saðstöðu og bílastæðis. Stærð
svæðanna má ákvarða m.t.t.
aðsóknar í framtíðinni.




Tillöguna má yfirfæra á aðrar
fornminjar á Íslandi.


Skurðmynd A-A, horft í norður 1:200




Suðurhlið 1:200




Norðurhlið 1:200



Skurðmynd B-B, horft í vestur 1:200



Austurhlið 1:200



Vesturhlið 1:200

